

Mælaborð ferðapjónustunnar

Almennt um Mælaborð ferðapjónustunnar

Tilgangur Mælaborðs ferðapjónustunnar er að veita á aðgengilegan hátt upplýsingar um stöðu og þróun íslenskrar ferðapjónustu. Allar upplýsingar mælaborðsins eru byggðar á gögnum sem eru uppfærð reglulega hjá opinberum stofnunum og ýmsum könnunarfyrirtækjum. Umsjón mælaborðsins er á ábyrgð Ferðamálastofu í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Deloitte og er fjármagnað af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Allar ábendingar og tillögur um breytingar eða viðbætur við mælaborðið skal senda á: jakob@ferdamalastofa.is

Allir sem nýta sér upplýsingar úr Mælaborði ferðapjónustunnar skulu undirrita skilmála þess efnis að þeir hafi lesið og kynnt sér þá fyrirvara og skilmála um notkun á gagnasetti Mælaborðs ferðapjónustunnar.

Fyrirvarar og skilmálar um notkun á upplýsingum og gögnum

Almennur fyrirvari Mælaborðs ferðapjónustunnar

Ferðamálastofa leitast við að hafa allar upplýsingar sem fram koma á Mælaborði ferðapjónustunnar eins réttar og kostur er. Ferðamálastofa ábyrgist ekki áreiðanleika þeirra upplýsinga sem birt eru og ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem rekja má til notkunar upplýsinga frá Mælaborði ferðapjónustunnar eða gögnum að baki þeim. Öllum er heimil afnot upplýsinga úr Mælaborði ferðapjónustunnar. Hafa ber í huga að þegar getið er heimilda að uppruni gagna er mismunandi. Öll gögn að baki upplýsingum í Mælaborði ferðapjónustunnar eru í eigu stjórnvalda og eru ekki framseljanleg. Í öllum tilvikum skal heimilda getið.

Notkun vöruhúss gagna Mælaborðs ferðapjónustunnar

Öllum er heimil nýting á gögnum úr vöruhúsi gagna Mælaborðs ferðapjónustunnar til eigin rannsókna og greininga, að uppfylltum **BY**, **NC** og **SA** skilmálum *Creative Commons*. Það felur í sér að hver sá sem nýtir gögnin er skuldbundinn til að:

- Geta höfundar (BY)
- Nýta ekki gögn mælaborðsins í hagnaðarskyni/viðskiptalegum tilgangi nema að veittu leyfi eiganda gagna (NC)
- Deila afrakstrinum áfram og verður sá afrakstur að vera öllum frjálst til notkunar (SA)

Lesið má nánar um fyrirvarana inn á heimasíðu *Creative Commons*:

<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-sa/4.0/>

Með umsókn þurfa að fylgja upplýsingar um hvaða gögn er verið að óska eftir og í hvaða tilgangi. Aðgengi er veitt tímabundið hverju sinni.

Umsækjandi staðfestir með undirskrift að hann hafi kynnt sér upplýsingar, fyrirvara og skilmála um notkun vöruhúss gagna Mælaborðs ferðapjónustunnar:

Dagsetning/undirskrift umsækjanda